

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 141/2014**

2014/EES/71/28

frá 27. júní 2014

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/9/ESB frá 18. desember 2013 um breytingu á ákvörðunum 2010/2/ESB og 2011/278/EB hvað varðar þá geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 21alb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/2/ESB) og lið 21alc (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32014 D 0009**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/9/ESB frá 18. desember 2013 (Stjtíð. ESB L 9, 14.1.2014, bls. 9).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2014/9/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. júní 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. júní 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 9, 14.1.2014, bls. 9.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.